

## AUGLÝSING

### um breytt deiliskipulag íbúðarsvæðisins Bakkar 3 í Neskaupstað, Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 18. desember 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulaginu Bakkar 3 í Neskaupstað frá 6. apríl 2000.

Breytingin felst í að skipta lóðinni 2-4 við Lyngbakka í tvær lóðir þ.e. nr. 2 og 4. Á nýrri lóð nr. 2 við Lyngbakka verður heimilað að reisa tveggja hæða stakstætt íbúðarhús með 5 íbúðum á hvorri hæð. Bifreiðastæði sem áður voru fyrirhuguð vestan húsanna verða nú norðan þeirra. Bætt er við gestastæðum norðan við Lyngbakka og minnkar fyrirhugað leiksvæði sem því nemur. Jafnáhættulínur vegna ofanflóða á svæðinu eru færðar inn á uppdráttinn.

Skipulagsuppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög gera ráð fyrir.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykktur uppdráttur frá 6. apríl 2000.

*F.h. Fjarðabyggðar, 6. janúar 2004.*

**Guðmundur Bjarnason** bæjarstjóri.